

## Tillaga til þingsályktunar

### um dýrahald og velferð dýra.

Flm.: Valgerður Árnadóttir, Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir,  
Björn Leví Gunnarsson, Gísli Rafn Ólafsson, Halldóra Mogensen,  
Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela matvælaráðherra aðgerðir um dýrahald og velferð dýra. Huga skuli að eftirfarandi atriðum:

- Setja skal varúðarákvæði í löggjöf þannig að velferð dýra njóti vafans í ákvarðanatöku er varðar dýrahald, að hagur dýranna sé ætíð hafður að leiðarljósi.
- Efla skal embætti yfirdýralæknis þannig að það geti unnið sjálfstætt að eftirliti, fræðslu, gagnaöflun og faglegrri stjórnýslu varðandi dýravelferð. Stjórnýsla dýravelferðar skal vera óháð stjórnýslu matvælaöryggis. Auka þarf valdheimildir til að sinna velferð dýra.
- Samræma þarf reglur um dýrahald alls staðar á landinu.
- Skýrir ferlar, skjót viðurlög og valdheimildir eru jafnáríðandi þættir til að tryggja velferð dýra, t.d. ef taka þarf dýr af fólki sem sinnir þeim ekki, getur ekki sinnt þeim eða stundar dýranið.
- Endurskoða þarf málsmeðferð við innflutning dýra og stytta eins og unnt er þann tíma sem fer í einangrun gæludýra.
- Viðurkenna þarf hlutverk hjálpardýra og gildi þeirra, t.d. blindrahunda, til að mynda fyrir þá sem glíma við einangrun, fötlun eða andlega annmarka.
- Koma skal á samræmdri skráningu á gæludýrum sem nær til alls landsins og birta tölfræði um fjölda dýra og tegundir.
- Við slátrun þarf að huga að eftirliti með mannúðlegri meðferð dýra. Reglur og úrræði fyrir velferð allra húsdýra, með áherslu á alifugla, svín og loðdýr, eiga að taka mið af þörfum dýranna til rýmis, loftgæða, heilsu og eðlislægra þarfa, t.d. útivistar. Ef ekki er unnt að mæta þörfum dýranna er ekki grundvöllur fyrir dýrahaldinu.
- Að allri loðdýrarækt verði hætt fyrir 1. janúar 2025, engin ný leyfi gefin út og ræktun ekki aukin á tímabilinu þar til algjört bann tekur gildi.
- Kröfur til heilnæmis, velferðar og öryggis dýra til matvælaframleiðslu skulu vera samþærilegar fyrir matvörur sem seldar eru hér, óháð upprunalandi.
- Halda skal lyfjagjöf búfjár og gæludýra í lágmarki og í samræmi við viðurkenndar rannsóknir.
- Öll móttaka eða geymsla dýra og opinber þjónusta skal vera eftirlitsskyld.
- Koma þarf á samræmdu námi á Íslandi um dýraatferli, móttöku dýra, dýrahjúkrun og dýralækningar með það að markmiði að fjölga dýrahjúkrunarfræðingum og dýralæknum.
- Sá aðili sem veldur áverkum á dýrum eða dauða þeirra skal greiða kostnað sem af því leiðir. Ef atvik verða í atvinnustarfsemi sem skaða dýr, hvort sem er af gáleysi eða ásetningi, skal sá sem skaðanum veldur greiða að fullu fyrir björgun dýra eða upphreinsun.

Ráðherra leggi fram fyrstu áætlun um aðgerðir í formi þingsályktunartillögu eigi síðar en á vorþingi árið 2024.

### Greinargerð.

Dýrahald er mikilvægur málaflokkur þar sem gæludýr finnast á nær helmingi heimila landsmanna auk þess sem búfænaður og sjávardýr eru undirstaðan í meginatvinnuvegum landsins. Það er því hagur samfélagsins að vel sé hlúð að dýrunum, bæði vegna tilfinningalegra tengsla fólks við gæludýr sín og vegna kröfu um mannúðlega meðferð á húsdýrum og villtum dýrum. Þessi tillaga til þingsályktunar frá Pírötum miðar að því að bæta úr ýmsum vanköntum á núgildandi dýraverndarlöggjöf.

#### *Athugasemdir við einstaka töluliði tillögunnar.*

##### Um 1. tölul.

Varúðarsjónarmið í tengslum við meðferð dýra getur falist í ýmsu, svo sem tilkynningar-skyldu um illa meðferð dýra, skyldu til að sinna dýrum í neyð, að tryggð verði viðunandi umönnun við vörslu dýra, að viðbragðstími sé skjótur þegar upp koma vandamál og að mála-flokkurinn sé nægilega fjármagnaður. Með varúðarsjónarmiði er velferð dýra sett í forgang, á undan fjárhagslegu hagræði fyrir einstaklinga, lögaðila eða stjórnsýslu, t.d. þegar dýr finnast eða í neyðartilfellum þar sem ódýrasti kosturinn, aflífun, er oft valinn sjálfkrafa af yfir-völdum eða úrlausnir tefjast vegna formsatriða í stjórnsýslunni.

##### Um 2. tölul.

Ekki er rétt að sama stofnun hafi á hendi eftirlit og úrskurðarvald auk þess sem matvæla-mál og dýravernd eru málaflokkar sem stangast oft á og hætt við að annar málaflokkurinn hafi meira vægi en hinn. Þannig getur stofnun sjálfstæðs dýravelferðarsviðs sinnt yfirumsjón og samræmingu en Matvælastofnun eða annar aðili sér um eftirlit og gagnasöfnun. Nauðsyn-legt er að stórefla hlut dýraverndar í stjórnsýslunni. Jafnframt þarf að auka valdheimildir stjórnsýsluaðila til að taka á erfiðum dýravanrækslumálum án tafar. Athuga þarf hvort færa þarf embætti yfirdýralæknis að fullu til annars ráðuneytis í þessu skyni og tryggja að embættinu sé skylt og kleift að sinna öllum dýravelferðarmálum jafnt, hvort sem um er að ræða villt dýr, húsdýr eða gæludýr. Önnur ástæða fyrir því að gera stjórnsýslu tengda velferð dýra sjálf-stæðari er að dýr eru oft nátengd tilfinningum og velferð fólks, hvort sem um er að ræða gæludýr eða dýrahald til manneldis.

##### Um 3. tölul.

Samræma þarf á landsvísu samþykktir um gæludýr. Einnig þarf að bæta þjónustu við borg-ara, t.d. með viðunandi hundagerðum og útivistarsvæðum, sem eru ekki síður mikilvæg en íþróttasvæði, leikvellir, almenningsgarðar o.fl. Afleggja þarf hundaleyfisgjöld og líta á gælu-dýraeign sem val á lífsstíl sem ekki er rétt að skattleggja, ekki frekar en barneignir. Það hefur komið í ljós að gæludýragjöld hafa yfirleitt ekki farið beint í þjónustu við gæludýraeigendur.

Opinberir aðilar þurfa að vinna vel með félagasamtökum sem hafa reynslu og úrræði. Einnig þarf að tryggja að til sé samhæfð aðgerðaáætlun er upp koma umfangsmikil dýra-verndarmál. Tryggja þarf fjármagn í málaflokkinn svo að honum sé vel sinnt.

##### Um 4. tölul.

Skoða þarf úrbætur á heimildum til að svipta fólk leyfi til dýrahalds í alvarlegum tilfellum dýraníðs og flýta ferlum þar sem lögregla, ríki eða sveitarfélög geta tekið dýr frá fólki. Til

eru skýrir ferlar í dýraverndarmálum en viðurlög eru ekki nægilega skjót. Hæg stjórnsýsla í þessum málum bitnar á velferð dýra. Gera þarf margvíslegar breytingar í lagaumhverfinu, t.d. vinna markvisst með félagasamtökum um dýravernd og hafa þarf hæft starfsfólk á vakt til að sinna dýrum í vörslu og leysa mál utan skrifstofutíma.

#### Um 5. tölul.

Auka á frelsi þegar kemur að innflutningi á dýrum til dýrahalds sem víst er að þrífist í íslenskri náttúru. Innflutningur dýra sem eiga sér ekki sögu í íslenskri náttúru en gætu lifað af í henni á þó að vera undir ströngu eftirliti. Skoða má upptöku gæludýravegabréfa, þ.e. bólu-setningarskírteinis með örmerki og helstu upplýsingum um dýrið.

Ákvarðanir um einangrun dýra þarf að endurskoða. Mögulegt er að stytta eða afnema einangrun fyrir hjálparhunda og önnur dýr sem ætluð eru til aðstoðar við fatlaða, sem bæði er gott fyrir dýrin og einnig fyrir fólkið sem þarf á þeim að halda. Skoða má aðra möguleika en núverandi einangrunarúrræði, t.d. stranga heimasóttkví fyrir hjálparhunda sem fordæmi eru fyrir með nagdýr og páfagauka. Í einstökum tilfellum má lengja einangrun ef sýking eða önnur sértilfelli koma upp.

#### Um 6. tölul.

Einu dýrin sem nú fá undanþágur eru blindrahundar en mikil þörf er á hjálparhundum fyrir margt fatlað fólk þar sem félagsskapur við dýr getur skipt sköpum í lífi einstaklinga sem eru einangraðir.

#### Um 7. tölul.

Skoða þarf að samræma skráningu gæludýra í sérstakri deild eða stofnun sem sinnir tölfræði og upplýsingagjöf. Með samræmdri skráningu er átt við samræmi milli skráningar ríkis og sveitarfélaga, auk skráningar á atburðum, innflutningi, kvörtunum og ýmsu öðru sem tengist dýrahaldi. Matvælastofnun hefur undanfarin ár borið ábyrgð á skráningu dýra en útviastað skráningu á gæludýrum til Völustakks sem er í eigu Dýralæknafélags Íslands. Uppfærsla og viðbætur á gögnum í því kerfi virðast oft handahófskenndar og óáreiðanlegar, svo sem skráning á dauða dýra. Jafnframt þarf að gæta þess að skráning dýra og upplýsingaveita sé ekki hagnaðardrífín.

#### Um 8. tölul.

Verksmiðjubúskapur (þauleldi) á dýrum á ekki rétt á sér ef velferð dýra er háværkuð til nytja. Ef ala á dýr í atvinnuskyni vegna afurða þeirra er eðlilegt að þörfum þeirra og velferð sé mætt til fullnustu. Í þessu ljósi er eðlilegt að líta svo á að afurðir dýra séu verðlagðar í samræmi við áfallinn kostnað og vinnu að teknu tilliti til velferðar dýra.

#### Um 9. tölul.

Lönd sem við berum okkur saman við hafa flest hætt eða tekið ákvörðun um að hætta loðdýrarækt. Þar sem umfang loðdýraræktar á Íslandi hefur nú þegar minnkað umtalsvert vegna minni eftirspurnar teljum við hægt að hætta loðdýrarækt fyrir 1. janúar 2025. Þangað til verði engin ný leyfi gefin út og loðdýrarækt ekki aukin.

## Um 10. tölul.

Til þess að ná fram kröfu og hafa eftirlit með heilbrigði og velferð dýra þarf að efla upp-  
runavottanir, velferðarvottanir og vitund neytenda á gildi slíkra vottana varðandi velferð og  
vernd lífríkis.

## Um 11. tölul.

Nokkuð er um ofnotkun lyfja í dýrahaldi, bæði á gæludýrum og búfé. Þar má endurskoða  
notkun sýklalyfja, stera og annars sem hefur áhrif á ónæmiskerfi dýra og velferð þeirra að  
ósekju. Þetta á einnig við um bóluefni og ormalyf.

## Um 12. tölul.

Allir verkferlar varðandi meðferð dýra þurfa að vera samræmdir um allt land og eftirliti  
þarf að koma í betra horf. Til dæmis mætti koma á samræmdum gátlistum sem heilbrigðis-  
eftirlit sveitarfélaga fylgdu til að tryggja að bæði opinberir aðilar og þeir sem meðhöndla dýr  
í atvinnuskyni séu undir eftirliti eða með starfsleyfi eftir þörfum. Eftirlit með hollustuháttum  
er hjá sveitarfélögum og því er eðlilegt að eftirlit með velferð dýra sé jafnframt hjá þeim.

## Um 13. tölul.

Mikill skortur er á dýralæknum og faglærðu fólki sem getur hjúkrað, kennt og sinnt dýrum  
og leiðbeint varðandi meðferð þeirra hér á landi. Rétt er að styrkja betur við almenn nám-  
skeið í umönnun dýra. Nokkuð er um að fólk sem sækir menntun erlendis ílengist þar. Þess  
vegna er mikill akkur í því að mennta og endurmennta fólk á ýmsum stigum dýravelferðar  
og lækninga. Ýmsar útfærslur í slíkum menntamálum koma til greina.

## Um 14. tölul.

Þegar upp kemst um skaða eða dýradauða, hvort sem er viljaverk eða óviljaverk, sem ekki  
hefur fengist sérstakt leyfi fyrir skulu villt dýr í lífríki Íslands njóta vafans. Ef um er að ræða  
slys eða tilvik sem hefur áhrif á dýr skal ekki ráðist strax í aflífunaraðgerðir ef mögulegt er  
að vernda og bjarga dýrum. Þeir sem valda skaða skulu greiða fyrir þá björgun, mótvægis-  
aðgerðir eða upphreinsun þannig að hvati myndist til að koma í veg fyrir slík tilvik. Þannig má  
vernda lífríki, vistkerfi og líffræðilegan fjölbreytileika í samræmi við þróunarmarkmið til árs-  
ins 2030, sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 25. september 2015. Slíkt  
má m.a. gera með því að auka ábyrgð aðila sem beint eða óbeint valda dýrum eða lífríki  
skaða.